

**I EES-STOFNANIR**

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

**II EFTA-STOFNANIR**

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

96/EES/6/01 Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Noregi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 64. lið a í XIII. viðauka við EES-samninginn um rekstur áætlunarflugs á leiðunum Fagernes - Ósló (Fornebu) og Fagernes - Bergen..... 01

96/EES/6/02 Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Noregi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 64. lið a í XIII. viðauka við EES-samninginn um rekstur áætlunarflugs á leiðinni Værøy (þyrluvöllur) - Bodø.....04

3. EFTA-dómstóllinn

**III EB-STOFNANIR**

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/6/03 Orðsending frá Hollandi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni..... 07

96/EES/6/04 Orðsending frá Hollandi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni..... 07

96/EES/6/05 Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 18. 12. 1995 til 12. 1. 1996.....08

3. Dómstóllinn

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**Rekstur áætlunarflugleiða**

**96/EES/6/01**

**Útboðsauglýsing frá Noregi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 64. lið a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins), um rekstur áætlunarflugs á leiðunum Fagernes - Ósló (Fornebu) og Fagernes - Bergen**

### 1. Inngangur

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa norsk stjórnvöld ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á leiðunum Fagernes - Ósló (Fornebu) og Fagernes - Bergen. Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 28, 1. 2. 1996 og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 5, 1. 2. 1996.

Í samræmi við ákvæði d-liðar 1. mgr. 4. gr. framannefndrar reglugerðar hefur Noregur ákveðið að þar sem ekkert flugfélag hefur hafið eða er um það bil að hefja áætlunarflug á þessum leiðum þann 1. júlí 1996 í samræmi við lögboðna skyldu til að veita opinbera þjónustu, og án þess að fara fram á bótagreiðslu, að takmarka aðgang að leiðunum við aðeins eitt flugfélag sem eftir almennt útboð hefur sérleyfi á þeim frá 1. ágúst 1996.

Tilboðsgjafar geta boðið í báðar leiðirnar, einkum ef það lækkar heildarbótagreiðsluna. Þó verða tilboðsgjafar að tilgreina sérstaklega þær bótagreiðslur sem krafist er fyrir hvora leið, ef aðeins önnur leiðin er boðin þeim.

### 2. Markmið útboðsins

Markmið útboðsins er að koma á áætlunarflugi milli Fagernes - Ósló (Fornebu) og Fagernes - Bergen frá 1. ágúst 1996 í samræmi við skylduna til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á þessum leiðum, eins og auglýst var í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 28, 1. 2. 1996 og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 5, 1. 2. 1996.

### 3. Réttur til að gera tilboð

Öll flugfélög með gilt rekstrarleyfi útgefna í aðildarríki, samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum, geta gert tilboð. Noregur beitir ekki gestaflugstakmörkunum í 2. mgr. 3. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 á viðkomandi leiðum.

#### 4. Útboðstilhögun

Útboð fer fram í samræmi við d-, e-, f-, g-, h- og i-lið í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum. Tilboðum sem berast of seint og tilboðum sem eru ekki í samræmi við útboðslýsinguna verður hafnað.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að færa sér í nyt síðari samninga ef öll tilboð sem berast eru ófullnægjandi, ef aðeins einn tilboðsgjafi hefur sent inn tilboð áður en fresturinn rennur út eða ef samkeppni er á annan hátt ábótavant. Slíkir samningar skulu vera í samræmi við lögboðna skyldu til að veita þjónustu og án þess að verulegar breytingar séu gerðar á upprunalegum útboðsskilyrðum.

Tilboðið er bindandi fyrir tilboðsgjafa þar til val hefur farið fram en þó ekki lengur en til 20. júní 1996.

Tilboð eða samtengd tilboð skulu valin með hliðsjón af lágstu heildarþóttakröfunni eða ef í einu eða fleiri tilboðum krafist er minna en 2% hærra bóta en í því lágsta á annarri hvorri eða báðum leiðum skal hagkvæmasta tilboðið valið og skal þá einnig taka mið af fargjöldum og sætaframboði.

#### 5. Útboðsgögn

Öll útboðsgögn um úthlutun tilboðssamnings, reglugerð um útboðstilhögun í tengslum við skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi (í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92), staðlaður samningur og kostnaðaráætlun fást að kostnaðarlausu hjá umbjóðanda:

Samferdselsdepartementet  
Postboks 8010 Dep  
N-0030 OSLO

Sími: + 47 22 24 90 90  
Bréfasími: +47 22 24 95 72  
Telex: 21439 sdep n.

#### 6. Bótagreiðslur

Innsend tilboð skulu vera í samræmi við kostnaðaráætlunina sem fylgir útboðsgögnum og tiltaka skal skilmerkilega þær bætur í norskum krónum (NOK) sem nauðsynlegar eru til að annast rekstur á viðkomandi leið eða leiðum í þrjú ár frá því rekstur hefst. Tilboðið skal grundvallast á verði fyrir árið sem hefst 1. ágúst 1996 og skal sundurliðað eftir árum.

Nákvæm upphæð bótagreiðslu fyrir árin frá 1. ágúst 1997 og 1. ágúst 1998 skal grundvallast á leiðréttingu á tekju- og rekstrarkostnaði í útboðsáætluninni. Leiðréttingarnar skulu miðast við vísitölu vöru og þjónustu fyrir 12 mánaða tímabilið sem lýkur 15. júní sama ár, eins og auglýst er af norsku hagstofunni.

Flugrekandi skal halda öllum tekjum sem verða af starfseminni og er algerleg ábyrgur fyrir útgjöldum. Ef mikilvægar og ófyrirsjáanlegar breytingar verða á forsendunum sem liggja til grundvallar fyrir tilboðssamningnum er þó unnt að krefjast samningaviðræðna um endurskoðun á honum í samræmi við staðlaða samninginn.

#### 7. Fargjöld

Í innsendum tilboðum skal tilgreina fyrirhuguð fargjöld og skilyrði þeim tengd. Fargjöldin skulu vera í samræmi við skylduna til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi sem var birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 28, 1. 2. 1996 og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 5, 1. 2. 1996.

## 8. Gildistími sammingsins, breytingar og sammingslok

Samningarnir gilda frá 1. ágúst 1996 og þeim lýkur eigi síðar en 31. júlí 1999.

Leiðréttingar á verði sem um getur í 6 gr. í þessari auglýsingu og árleg endurskoðun á framkvæmd sammingsins skal fara fram í samvinnu við flugfélagið á næstliðnum tveimur mánuðum fyrir daginn sem þjónustan hófst. Ekki er heimilt að breyta samningnum nema að breytingarnar séu í samræmi við skylduna til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi sem var birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 28, 1. 2. 1996 og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 5, 1. 2. 1996.

Allar breytingar á samningnum skulu skráðar í viðbæti við hann.

Flugfélagið getur sagt upp samningnum með sex mánaða fyrirvara.

## 9. Samningsbrot og -uppsögn

Ef samningurinn er brotinn á gróflegan hátt er unnt að segja honum upp af öðrum hvorum aðilanum og tekur uppsögnin þegar í stað gildi.

Með fyrirvara um takmarkanir í lögum um gjaldþrot getur samgönguráðuneytið sagt samningnum upp ef flugrekandi kemst í greiðsluþrot, hefur skuldajöfnunarmál eða verður gjaldþrota og tekur uppsögnin þegar í stað gildi. Einnig getur samgönguráðuneytið sagt upp samningnum í öðrum tilvikum sem um er fjallað í 12 gr. í reglugerðinni um útboðstilhögun í tengslum við skyldu til að veita opinbera þjónustu, sem er að finna í útboðsgögnunum.

Ef flugrekandi er ófær um að uppfylla samninginn vegna óviðráðanlegra aðstæðna er heimilt að segja honum upp og tekur uppsögnin þegar í stað gildi.

Ef flugrekandi er ófær um að sinna leiðinni samkvæmt samningnum í meira en þrjá mánuði á næstliðnum sex mánuðum vegna utanaðkomandi áfalla er heimilt að segja samningnum upp skriflega með eins mánaðar fyrirvara.

Samgönguráðuneytinu er heimilt að segja samningnum upp og tekur uppsögnin þegar í stað gildi ef flugrekandi missir leyfi sitt eða fær það ekki endurnýjað.

Óháð hugsanlegum skaðabótakröfum skal óregluleg þjónusta leiða til þess að greiðslubætur lækka í hlutfalli við þau flug sem falla niður.

## 10. Skiladagur á tilboðum

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku, þar sem pósthimpill gildir sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega gegn kvittun, á eftirfarandi heimilisfang:

Samferdselsdepartementet  
Akersgt. 59 (þar til 29. janúar 1996: Møllergt. 1-3)  
Postboks 8010 Dep  
N-0030 OSLO,

eigi síðar en 20. mars 1996, kl. 15.00 (að staðartíma).

## 11. Gildistími útboðsauglýsinganna

Þessi útboðsauglýsing gildir svo fremi að ekkert EES-flugfélag<sup>(1)</sup> hafi fyrir 1. júlí 1996 (sem veitir eins mánaðar frest til að fá umferðarréttindi) hafi sótt um leyfi til að starfrækja aðra eða báðar leiðirnar er um ræðir með gildistöku frá 1. ágúst 1996 í samræmi við skyldu til að veita opinbera þjónustu án þess að til komi greiðslubætur.

(1) Með „EES-flugfélagi“ er átt við bandalagsflugfélag eða flugfélag með gilt rekstrarleyfi sem gefið er út af EFTA-ríki sem aðild á að EES-samningnum í samræmi við gerðina sem um getur í 66. lið b í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum).

**Rekstur áætlunarflugleiða****96/EES/6/02****Útboðsauglýsing frá Noregi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 64. lið a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins), um rekstur áætlunarflugs á leiðinni Værøy (þyrluvöllur) - Bodø****1. Inngangur**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa norsk stjórnvöld ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á leiðinni Værøy (þyrluvöllur) - Bodø. Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 28, 1. 2. 1996 og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 5, 1. 2. 1996.

Í samræmi við ákvæði d-liðar 1. mgr. 4. gr. framannefndrar reglugerðar hefur Noregur ákveðið að þar sem ekkert flugfélag hefur hafið eða er um það bil að hefja áætlunarflug á þessari leið þann 1. júlí 1996 í samræmi við lögboðna skyldu til að veita opinbera þjónustu, og án þess að fara fram á bótageiðslu, að takmarka aðgang að leiðinni við aðeins eitt flugfélag sem eftir almennt útboð hefur sérleyfi á henni frá 1. ágúst 1996.

**2. Markmið útboðsins**

Markmið útboðsins er að koma á áætlunarflugi á milli Værøy (þyrluvöllur) - Bodø frá 1. ágúst 1996 í samræmi við skylduna til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á þessari leið, eins og auglýst var í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 28, 1. 2. 1996 og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 5, 1. 2. 1996.

**3. Réttur til að gera tilboð**

Öll flugfélög með gilt rekstrarleyfi útgefnu í aðildarríki, samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum, geta gert tilboð. Noregur beitir ekki gestaflugstakmörkunum í 2. mgr. 3. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 á viðkomandi leið.

**4. Útboðstilhögun**

Útboð fer fram í samræmi við d-, e-, f-, g-, h- og i-lið í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum. Tilboðum sem berast of seint og tilboðum sem eru ekki í samræmi við útboðslýsinguna verður hafnað.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að færa sér í nyt síðari samninga ef öll tilboð sem berast eru ófullnægjandi, ef aðeins einn tilboðsgjafi hefur sent inn tilboð áður en fresturinn rennur út eða ef samkeppni er á annan hátt ábótavant. Slíkir samningar skulu vera í samræmi við lögboðna skyldu til að veita þjónustu og án þess að verulegar breytingar séu gerðar á upprunalegum útboðsskilyrðum.

Tilboðið er bindandi fyrir tilboðsgjafa þar til val hefur farið fram en þó ekki lengur en til 20. júní 1996.

Tilboð eða samtengd tilboð skulu valin með hliðsjón af lögstu heildarbótakröfunni eða ef í einu eða fleiri tilboðum krafist er minna en 2% hærri bóta en í því lögsta skal hagkvæmasta tilboðið valið og skal þá einnig taka mið af fargjöldum og sætaframboði.

## 5. Útboðsgögn

Öll útboðsgögn um úthlutun tilboðssamnings, reglugerð um útboðstilhögun í tengslum við skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi (í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92), staðlaður samningur og kostnaðaráætlun fást að kostnaðarlausu hjá umbjóðanda:

Samferdselsdepartementet  
Postboks 8010 Dep  
N-0030 OSLO

Sími: + 47 22 24 90 90  
Bréfasími: +47 22 24 95 72  
Telex: 21439 sdep n.

## 6. Bótagreiðslur

Innsend tilboð skulu vera í samræmi við kostnaðaráætlunina sem fylgir útboðsgögnum og tiltaka skal skilmerkilega þær bætur í norskum krónum (NOK) sem nauðsynlegar eru til að annast rekstur á viðkomandi leið í þrjú ár frá því rekstur hefst. Tilboðið skal grundvallast á verði fyrir árið sem hefst 1. ágúst 1996 og skal sundurliðað eftir árum.

Nákvæm upphæð bótagreiðslu fyrir árin frá 1. ágúst 1997 og 1. ágúst 1998 skal grundvallast á leiðréttingu á tekju- og rekstrarkostnaði í útboðsáætluninni. Leiðréttingarnar skulu miðast við vísitölu vöru og þjónustu fyrir 12 mánaða tímabilið sem lýkur 15. júní sama ár, eins og auglýst er af norsku hagstofunni.

Flugrekandi skal halda öllum tekjum sem verða af starfseminni og er algerleg ábyrgur fyrir útgjöldum. Ef mikilvægar og ófyrirsjáanlegar breytingar verða á forsendunum sem liggja til grundvallar fyrir tilboðssamningnum er þó unnt að krefjast samningaviðræðna um endurskoðun á honum í samræmi við staðlaða samninginn.

## 7. Fargjöld

Í innsendum tilboðum skal tilgreina fyrirhuguð fargjöld og skilyrði þeim tengd. Fargjöldin skulu vera í samræmi við skylduna til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi sem var birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 28, 1. 2. 1996 og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 5, 1. 2. 1996.

## 8. Gildistími samningsins, breytingar og sammingslok

Samningurinn gildir frá 1. ágúst 1996 og lýkur eigi síðar en 31. júlí 1999.

Leiðréttingar á verði sem um getur í 6 gr. í þessari auglýsingu og árleg endurskoðun á framkvæmd samningsins skal fara fram í samvinnu við flugfélagið á næstliðnum tveimur mánuðum fyrir daginn sem þjónustan hófst. Ekki er heimilt að breyta samningnum nema að breytingarnar séu í samræmi við skylduna til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi sem var birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 28, 1. 2. 1996 og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 5, 1. 2. 1996. Allar breytingar á samningnum skulu skráðar í viðbæti við hann.

Flugfélagið getur sagt upp samningnum með sex mánaða fyrirvara.

## 9. Samningsbrot og -uppsögn

Ef samningurinn er brotinn á gróflegan hátt er unnt að segja honum upp af öðrum hvorum aðilanum og tekur uppsögnin þegar í stað gildi.

Með fyrirvara um takmarkanir í lögum um gjaldþrot getur samgönguráðuneytið sagt samningnum upp ef flugrekandi kemst í greiðsluþrot, hefur skuldajöfnunarmál eða verður gjaldþrota og tekur uppsögnin þegar í stað gildi. Einnig getur samgönguráðuneytið sagt upp samningnum í öðrum tilvikum sem um er fjallað í 12 gr. í reglugerðinni um útboðstilhögun í tengslum við skyldu til að veita opinbera þjónustu, sem er að finna í útboðsgögnunum.

Ef flugrekandi er ófær um að uppfylla samninginn vegna óviðráðanlegra aðstæðna er heimilt að segja honum upp og tekur uppsögnin þegar í stað gildi.

Ef flugrekandi er ófær um að sinna leiðinni samkvæmt samningnum í meira en þrjá mánuði á næstliðnum sex mánuðum vegna utanaðkomandi áfalla er heimilt að segja samningnum upp skriflega með eins mánaðar fyrirvara.

Samgönguráðuneytinu er heimilt að segja samningnum upp og tekur uppsögnin þegar í stað gildi ef flugrekandi missir leyfi sitt eða fær það ekki endurnýjað.

Óháð hugsanlegum skaðabótakröfum skal óregluleg þjónusta leiða til þess að greiðslubætur lækka í hlutfalli við þau flug sem falla niður.

## 10. Skiladagur á tilboðum

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku, þar sem pósthimpill gildir sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega gegn kvittun, á eftirfarandi heimilisfang:

Samferdselsdepartementet  
Akersgt. 59 (þar til 29. janúar 1996: Møllergt. 1-3)  
Postboks 8010 Dep  
N-0030 OSLO,

eigi síðar en 20. mars 1996, kl. 15.00 (að staðartíma).

## 11. Gildistími útboðsauglýsinganna

Þessi útboðsauglýsing gildir svo fremi að ekkert EES-flugfélag<sup>(1)</sup> hafi fyrir 1. júlí 1996 (sem veitir eins mánaðar frest til að fá umferðarréttindi) hafi sótt um leyfi til að starfrækja leiðina er um ræðir með gildistöku fá 1. ágúst 1996 í samræmi við skyldu til að veita opinbera þjónustu án þess að til komi greiðslubætur.

(<sup>1</sup>) Með „EES-flugfélagi“ er átt við bandalagsflugfélag eða flugfélag með gilt rekstrarleyfi sem gefið er út af EFTA-ríki sem aðild á að EES-samningnum í samræmi við gerðina sem um getur í 66. lið b í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum).

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Orðsending frá Hollandi samkvæmt tilskipun 96/EES/6/03**  
**Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir**  
**veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni**

*Tilmæli um umsóknir fyrir leit á jarðolíu og gasi á svæði F16*

Í samræmi við b-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni<sup>(1)</sup>, auglýsir efnahagsmálaráðherra eftir umsóknum um leyfi fyrir leit á jarðolíu og gasi á svæði F16

Umsóknir skulu sendar innan 13 vikna frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB nr. C 19, 23. 1. 1996, á eftirfarandi heimilisfang:

Minister van Economische Zaken,  
'ter attentie van de directeur Olie en Gas',  
Bezuidenhoutseweg 6,  
NL-2594 AV 's-Gravenhage

Leyfi verða veitt innan níu mánaða frá birtingu þessarar auglýsingar (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjttíð. EB).

**Orðsending frá Hollandi samkvæmt tilskipun 96/EES/6/04**  
**Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir**  
**veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni**

*Tilmæli um umsóknir fyrir leit á jarðolíu og gasi á svæði L5d*

Í samræmi við b-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni<sup>(1)</sup>, auglýsir efnahagsmálaráðherra eftir umsóknum um leyfi fyrir leit á jarðolíu og gasi á svæði L5d

Umsóknir skulu sendar innan 13 vikna frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB nr. C 19, 23. 1. 1996, á eftirfarandi heimilisfang:

Minister van Economische Zaken,  
'ter attentie van de directeur Olie en Gas',  
Bezuidenhoutseweg 6,  
NL-2594 AV 's-Gravenhage

Leyfi verða veitt innan níu mánaða frá birtingu þessarar auglýsingar (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjttíð. EB).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 25, 8. 7. 1995, bls. 2.



## Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu 96/EES/6/05 á tímabilinu 18. 12. 1995 til 12. 1. 1996

Þessi skjal er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af stjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu-fjöldi
COM(95) 737	CB-CO-95-767-EN-C <sup>(1)</sup>	Tillaga að reglugerð ráðsins um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3254/91 um bann við notkun dýraboga í bandalaginu og innflutning til bandalagsins á ósútuðum skinnum og unnum afurðum af tilteknum tegundum villtra dýra frá löndum þar sem dýrin eru veidd í dýraboga eða í gildrum sem samrýmast ekki alþjóðareglum um mannúðlegar veiðar	15.12.1995	18.12.1995	6
COM(95) 543	CB-CO-95-602-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipunum ráðsins 90/387/EBE og 92/44/EBE í því skyni að aðlaga þær að samkeppnisaðstæðum á sviði fjarskipta	14.11.1995	4.1.1995	32
COM(96) 2	CB-CO-96-002-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um lögverndun gagnagrunna	10.1.1996	10.1.1996	10
COM(95) 624	CB-CO-95-655-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd áætlunar bandalagsins um stefnumótun og aðgerðir hvað varðar umhverfisþróun og sjálfbæra þróun er nefnist „Í átt til sjálfbærrar þróunar“	10.1.1996	11.1.1996	199
COM(95) 713	CB-CO-95-760-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum (17. skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum) árin 1991-1992	10.1.1996	11.1.1996	30
COM(95) 734	CB-CO-95-770-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins um að breyta reglugerð (EBE) 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, í þágu atvinnulausra	10.1.1996	12.1.1996	18
COM(95) 734	CB-CO-95-771-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins um að breyta reglugerð (EBE) 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, í þágu þeirra sem þiggja eftirlaun fyrir eftirlaunaaldur	10.1.1996	12.1.1996	18

(<sup>1</sup>) „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.